

# Skóla-akur

Vefrit um skólamál 5. tbl. 12. árgangur 8. mars 2018

## Nemendur Oddeyrarskóla sigruðu Lífshlaupið.

Í febrúar tóku nemendur Oddeyrarskóla þátt í grunnskólakeppni Lífshlaupsins. Starfsfólk tók einnig þátt og keppti í vinnustaðakeppni Lífshlaupsins í flokki vinnstaða með 30-69 starfsmenn.

Nemendur Oddeyrarskóla gerðu sér lítið fyrir og sigruðu Lífshlaupið í flokki skóla með 90-299 nemendur annað árið í röð.

Mikil stemning skapaðist í skólanum meðan Lífshlaupið stóð yfir, bæði meðal nemenda og starfsfólks.

Heilsueflingarnefnd skólans hélt utan um verkefnið, hvatti nemendur og starfsfólk til dáða og stóð fyrir nokkrum hreyfitengdum viðburðum.

Hist var á sameiginlegri dansstund á sal og farið í sameiginlega gönguferð. Nemendur sýndu líka frumkvæði að því að hittast og hreyfa sig, þeir hittust í sundi og á skauta diskói auk þess sem tveir nemendur buðu bekkjum sínum í hreyfi party!

Þegar góður árangur næst er nauðsynlegt að fagna honum.

Heilsueflingarnefnd stóð fyrir uppskeruhátíð á sal skólans föstudaginn 2. mars. Þar fengu nemendur afhentan verðlaunaskjöld frá ÍSÍ og starfsmenn fengu sín verðlaun fyrir að lenda í 3. sæti í vinnustaðakeppni Lífshlaupsins. Auk þess sigruðu starfsmenn vinnustaðakeppni Akureyrarbæjar, eða þann hluta sem snýr að hreyfidögum. Fræðslusvið var með flestar hreyfiminútur og fékk verðlaun fyrir það.


Nemendur af unglíngastigi fengu viðurkenningu fyrir heilsutengd verkefni sem þau hafa verið að vinna í þematímum. Blásið hafði verið til samkeppni um bestu heilsuverkefni til að kynna fyrir yngri nemendum heilsusamlegt mataræði og nesti. Þeir fimm hópar sem sigruðu munu heimsækja 1. – 7. bekk skólans til að kynna fyrir þeim heilsusamlegt mataræði.

Loks kom rapparinn KÁ-AKÁ í heimsókn og úr varð hin mesta skemmtun, en hann var einmitt eitt sinn nemandi Oddeyrarskóla. Að fjörinu loknu gæddu nemendur sér á íspinna. Starfsfólk fagnaði árangrinum á kaffistofunni með heilsubita og tertu.

[Sjá á heimasíðu skólans](#)



## Myndir augnabliksins eru frá útivistardegi í Gleráarskóla.



Skóla-akur er vef tímarit sem gefið er út af fræðslusviði Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri. Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrísey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mánudaga-miðvikudaga frá kl. 8-13. Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. Dreifing: Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

## Skákmót í Lundar- og Síðuskóla.

Í febrúar voru haldin skákmót í Lundar- og Síðuskóla.

Í Lundarskóla tóku 38 nemendur úr 4. – 7. bekk þátt. Í þessari lotu urðu fjórir piltar úr sjöunda bekk jafnir og efstir og tefldu þeir til úrslita um meistaratitil skólans. Keppninni lauk þannig:

1. Ágúst Ívar Árnason, 3 vinningar. Hann er því ótvíræður skákmeistari Lundarskóla 2018

2.—4. Ívar Þorleifur Bjarkason, Vignir Otri Elvarsson og Hjalti Valsson, 1 vinningur.

Í Síðuskóla voru það nemendur í 5. - 10. bekk sem var boðið að taka þátt og skráðu sig nokkrir nemendur til leiks. Fyrirkomulagið var þannig að tefldar voru samtals 5 skákir á tíma og nýir andstæðingar í hverri umferð.

Aron Sveinn Davíðsson í 9. bekk vann allar sínar skákir en keppnin var ansi jöfn og úrslit ekki ljós fyrr en eftir síðustu umferð.

Áskell Örn Kárason frá Skákfélagi Akureyrar var með umsjón með framkvæmd. Þess má geta að Skákfélagið gaf sigurvegaranum eignarbikar.



Þessir drengir úr Síðuskóla voru allir með þrjá vinninga eða meira.



Ágúst Ívar, Ívar Þorleifur og Vignir Otri

## Nemendur hvattir til þátttöku í PISA með jákvæðu hugarfari.

Á tímabilinu 12. mars til 13. apríl nk. verður PISA könnunin lögð fyrir í öllum grunnskólum landsins og munu um 4.000 íslenskir nemendur taka þátt að þessu sinni. Í ár voru fengnir þekktir einstaklingar til að hvetja skóla, foreldra og nemendur til að nálgast þátttöku í PISA með jákvæðu hugarfari. Þetta eru eru þeir Freyr Alexandersson landsliðsþjálfari kvenna í knattspyrnu og aðstoðarmaður hjá karlalandsliðinu í knattspyrnu og Jón Jónsson tónlistarmaður. Við undirbúning fyrirlagnar PISA hér á landi hefur Menntamálastofnun átt gott samstarf við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Kennarasamband Íslands, Heimili og skóla, Skólastjórafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og ungmennaráð stofnunarinnar. Standa þessir aðilar saman að kynningu á PISA.

### Nánar um PISA:

PISA könnunin metur færni í lesskilningi, stærðfræði og náttúrufræði. Einnig er könnuð færni á öðrum sviðum eins og samvinnu við þrautalausnir. Þá er reynt að líkja eftir viðfangsefnum sem glímt er við í daglegu lífi. Nemendur fá ekki einkunn fyrir frammistöðu sína heldur svara könnuninni fyrir hönd Íslands.

Á vef á vegum Menntamálastofnunar, [www.pisa.is](http://www.pisa.is) má finna allar frekari upplýsingar um PISA könnunina.

## Sköpun bernskunnar 2018.

Hér má sjá nemendur frá lðavelli heimsækja sýninguna Sköpun bernskunnar sem haldin er í fimmta sinn í Ketilhúsinu. Sýningin hefur vakið verðskuldaða athygli og var valin til þátttöku í Barnamenningarhátíð mennta- og menningarmálaráðuneytisins 2017. Þemað að þessu sinni eru tröll í viðum skilningi sem vísar í þjóðsögur Íslendinga. Á sýningunni mætast þátttakendur og eiga listrænt samtal við sýningargesti.



Þátttakendur að þessu sinni eru Georg Óskar, Ninna Þórarinsdóttir, Sigga Björg Sigurðardóttir, Leikfangasafnið á Akureyri, Grímseyjar-skóli, Lundarskóli, Oddeyrarskóli og leikskólarnir lðavöllur og Krógaból.